

L Ö G

4

1. febr.

um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót,
frá 12. febrúar 1872.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. tilskipunar frá 12. febrúar 1872 um síldar- og ufsaveiði með
nót bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum annars manns, og skal þá
gjalda landshlut, 3 af hundraði af veiðinni, enda sé nótinni ekki fest við land né
lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er
að háfa veiði úr herpinót, liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt
við festar innan netlaga, og skal þá gjalda landshlut 4 af hundraði.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 54 1935, um breyting á til-
skipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.